

**Fundargerð 14. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu miðvikudaginn 10. júní 2015 kl. 10.00**

**Dagskrá:**

1. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
2. Skipan landshlutasamtaka sveitarfélaga í úthlutunarnefndir og samráðsvettvanga
3. Byggðaaætlun 2014-2017
4. Fjárveitingar til markaðsstofa, upplýsingamiðstöðva og ferðamálasamtaka
5. Hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
6. Önnur mál

**Mættir:** Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karl Björnsdóttir (sambandinu), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR), Árni Ragnarsson (Byggðastofnun), Snorri Björn Sigurðsson (Byggðastofnun, kom kl. 11.00) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá var Aðalsteinn Óskarsson (landshlutasamtökunum) með á símafundi frá Ísafirði (frá kl. 11.00).

**Fjarverandi:** Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR) og Inga Birna Einarsdóttir (VEL).

Formaður setti fundinn.

Fundargerð 13. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**

Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) sat fundinn undir þessum lið og bauð formaður hann velkominn.

Á síðasta fundi stýrihópsins, þann 20. maí sl., var tillögu verkefnisstjóra varðandi uppgjör á samningi um framlög til byggðaþróunar á höfuðborgarsvæðinu 2014 frestað og ákveðið að boða framkvæmdastjóra SSH á fund stýrihópsins til að gera grein fyrir sóknaráætlunarvinnu höfuðborgarsvæðisins.

Páll fór stuttlega yfir ástæður þess að ekki tókst að nýta nema um 30% fjármagnsins úr samningi um framlög til byggðaþróunar á höfuðborgarsvæðinu 2014. Hann greindi frá því að SSH munu skila sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins fyrir 1. júlí nk. og tilgreina áhersluverkefni ársins 2015. Jafnframt kom fram að samtökin hyggjast ekki skipa samráðsvettvang fyrir en haustið 2015.

Eftir kynningu Páls svaraði hann fyrirspurnum fundarmanna. Páll yfirgaf fundinn kl. 10.30.

Eftir að Pál yfirgaf fundinn urðu nokkrar umræður um stöðuna hjá SSH og almennt um framkvæmd samninganna um sóknaráætlunir landshluta.

Ljóst er að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fara ekki að ákvæðum samnings um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2019, þar sem fram kemur að samráðsvettvangur skuli hafa aðkomu að gerð sóknaráætlunar og vali á árhersluverkefnum.

Niðurstaða stýrihópsins er sú að þrátt fyrir að þessu ákvæði samningsins sé ekki framfylgt þá samþykkir stýrihópurinn að veita SSH tímabundna undanþágu frá skipan samráðsvettvangs og aðkomu hans að gerð sóknaráætlunar og vali á árhersluverkefnum. Undanþágan er veitt með þeim fyrirvara að SSH sendi stýrihópnum formlegt erindi þar sem það er útskýrt hvers vegna ekki var unnt að virkja samráðsvettvanginn fyrr og gerð stuttlega grein fyrir hvernig og hvenær samráðsvettvangurinn verður skipaður og hvert verður hlutverk hans. Stýrihópurinn setur það skilyrði að samráðsvettvangurinn verði skipaður eigi síðar en í september 2015 og skal hann koma að endurskoðun á sóknaráætlun og vali á árhersluverkefnum, líkt og kveðið er á um í samningnum. Verkefnisstjóra falið að greina SSH frá niðurstöðu stýrihópsins.

Tillaga verkefnisstjóra varðandi fjármuni úr eldri samningi sem sem frestað var á síðasta fundi stýrihópsins var samþykkt.

## **2. Skipan landshlutasamtaka sveitarfélaga í úthlutunarnefndir og samráðsvettvanga**

Á síðasta fundi stýrihópsins var verkefnisstjóra falið að kalla eftir upplýsingum frá landshlutasamtökum sveitarfélaga um skipan úthlutunarnefnda og samráðsvettvanga. Upplýsingar hafa borist frá öllum nema Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnisstjóri hafði tekið saman minnisblað og sent fundarmönnum fyrir fund. Minnisblaðið rætt lítillaga.

## **3. Byggðaáætlun 2014-2017**

Á síðasta fundi stýrihópsins var ákveðið fara yfir stöðu aðgerða í byggðaáætlun og hafði formaður óskað eftir því að Snorri Björn Sigurðsson, sviðsstjóri þróunarsviðs hjá Byggðastofnun, gerði grein fyrir stöðu þeirra verkefna sem Byggðastofnun ber ábyrgð á eða er þátttakandi í.

Byggðaáætlun 2014-2017 samanstendur af 14 markmiðum og alls 43 aðgerðum. Snorri Björn greindi frá því að Byggðastofnun ber ábyrgð á 11 aðgerðum og fór hann yfir stöðu hvernar aðgerðar fyrir sig, en vinna við flestar aðgerðirnar er í gangi. Þetta eru aðgerðir sem tengjast sértækum aðgerðum á varnarsvæðum og opinberri þjónustu. Þá hefur Byggðastofnun einnig unnið að öðrum aðgerðum sem ekki eru á forræði stofnunarinnar.

Umræður urðu um einstakar aðgerðir og þá sérstaklega hvað varðar brothættar byggðir. Fram kom að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hefur látið gera úttekt á verkefninu og mun formaður óska eftir að gerð verði grein fyrir þeirri úttekt á næsta fundi stýrihópsins. Óskað var eftir upplýsingum um hve hátt hlutfall af heildarfjárveitingu til brothættra byggða færi í umsýslu með verkefninu.

Vakin var athygli á að markmið byggðaáætlunar eru ekki mælanleg og að það veiki hana.

## **4. Fjárveitingar til markaðsstofa, upplýsingamiðstöðva og ferðamálasamtaka**

Karl Björnsson hafði óskað eftir stýrihópurinn ræddi fjárveitingar til markaðsstofa, upplýsingamiðstöðva og ferðamálasamtaka í kjölfar fundar sem Samband íslenskra sveitarfélaga átti með Ferðamálastofa í byrjun júní. Karl greindi frá því að á fundinum hefði verið ræddir kostir og gallar þess að gera einn

samning við hvern landshluta um fjárveitingar til markaðsstofa, upplýsingamiðstöðva og ferðamála-samtaka og tengja við sóknaráætlun hvers landshluta. Elvar greindi frá fundi sem Ferðamálastofa átti með fulltrúum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis .

Stýrihópurinn sammála um að þetta er í anda þess sem stýrihópurinn og landshlutasamtök sveitarfélaga hafa talað um. Hins vegar er þarna fyrst og fremst um rekstrafé að ræða en ekki mikið verkefnafjármagn og að óbreyttu væri ekki ástæða til að hvetja til að þessi leið verði farin. Fram komi efasemdir hjá fulltrúa landshlutasamtakanna og þá sérstaklega vegna þess hve verkefnafé er lágt.

Stýrihópurinn mun fylgjast með framvindunni og hvetur til þess að Ferðamálastofa nýti sér farveg sóknaráætlunar í hverjum landshluta þar sem það á við.

#### **5. Hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**

Frestað til næsta fundar.

#### **6. Önnur mál**

##### *a) Skilafrestur sóknaráætlana landshluta*

Greint var frá því að öllum landshlutasamtökum sveitarfélaga hafi verið veittur frestur til að skila sóknaráætlunum til 1. júlí og að ekki verði veittur frekari frestur á skilum.

##### *b) Tillögur landshlutanefndar Norðurlands vestra*

Héðinn greindi frá því að 25 tillögur landshlutanefndar Norðurlands vestra eru til umsagnar í viðkomandi fagráðuneytum.

##### *c) Fundir með landshlutasamtökum sveitarfélaga*

Verkefnisstjóra falið að finna tíma fyrir fundi fulltrúa stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga á haustdögum. Formaður stýrihópsins og verkefnisstjóri munu mæta á alla fundina og aðrir fulltrúar eftir kostum. Rætt var um að kostur væri ef sem flestir fulltrúar stýrinetsins gætu tekið þátt í fundunum.

##### *d) Næsti fundur*

Næsti fundur ákveðinn þriðjudagurinn 18. ágúst kl. 10.00-12.00. Óskað verður eftir að fá kynningu á úttekt á verkefninu brothættum byggðum, sem og kynningu á nýrri ferðamálastefnu verði hún tilbúin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.04